

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2002

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson

Samantekt taflna og umsjón með ársreikningum: Jón G. Guðbjörnsson

Vinnsla ýmissa gagna: Þuríður Jóhannsdóttir

Forsíða: *Gulstör* (Carex Lyngbyei) – ..., *ein hin allra merkilegasta af fóðurjurtum þessa lands*”,... St.St. 1948

Ljósmyndari: Björn Þorsteinsson

Prentun: Prentverk Akraness hf 2003

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum ...“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála, nú iðnaðarráðherra.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru einkum tvenns konar: annar vegar starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, en hins vegar tekjur af kjarnfóðurtollum skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast en þarf að leita samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir ráðstöfun tekna af kjarnfóðurtollum. Þá fer stjórn Framleiðnisjóðs einnig með málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

2. Stjórn og starfsmenn

Í aðalstjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landb.ráðherra
Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum, Eyj., tilnefndur af landb.ráðherra
Ari Teitsson, Hrísum, S.-Þing., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Þórhalla Snæþórsdóttir, Keflavík, Gullbr., tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn eru taldir í sömu röð:

Sveinn Sigurmundsson, Selfossi, Árn.
Lilja Hafdís Óladóttir, Merki, N.-Múl.
Hörður Harðarson, Laxárdal, Árn.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Anna S. Einarisdóttir, fulltrúi á skrifstofu sjóðsins, lét af starfi í ársbyrjun 2002 en við tók Þuríður Jóhannsdóttir. Er hún í 80% starfi. Þá annast stjórnarformaður einnig verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Skrifstofa Framleiðnisjóðs er að Engjaási 2 í Borgarnesi. Aðalbókhald Búnaðarbanka Íslands hf hefur annast reikningshald Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2002 svo og ársreikning Garðavaxtasjóðs.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2002

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt 13 formlega fundi á árinu 2002. Í tengslum við Ráðunautafund 2002 í Reykjavík hélt stjórnin venju samkvæmt samráðs- og kynningarfund með héraðsráðunautum, skólastjórum og endurmenntunarstjórum búnaðarskólanna, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra leiðbeiningasviðs bændasamtakanna og forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Strandasýslu um miðjan ágúst. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri nokkrar ferðir, m.a. tvær um Suðurland, til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Gafst um leið tækifæri til að líta á framkvæmdir og meta aðstæður. Ótaldir eru þá fjölmargir fundir með fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu önnur erindi við sjóðinn.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar sem og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2001 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2002

Eftir hætti síðastliðinna fimm ára samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs í upphafi ársins 2002 starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglur þessar mótuðu síðan meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur á árinu 2002 áherslu á viðfangsefni sem hafi þessi markmið:

- a. að auka framleiðni búgreina með rannsókn- og þróunarverkefnum*
- b. að styrkja tekjumöguleika á einstökum búum með nýsköpun í búrekstri*
- c. að efla kunnáttu og færni í búrekstri*
- d. að efla og styrkja markaði fyrir búvörur og þjónustu búanna*
- e. að styðja hagræðingu í úrvinnslu búsafurða og efla atvinnufyrirtæki í dreifbýli.*



Magnús Rafnsson (f. miðju) kynnir stjórn Framleiðnisjóðs Kotbýli kuklarans að Klúku í Bjarnarfirði.
(Ljós.: JGG)

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2002

Á árinu 2002 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 236,8 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 165 mkr. og sérstakt framlag ríkissjóðs vegna loðdýraræktar 29,8 mkr. Fjármunatekjur námu 16,9 mkr. Tekjur Framleiðnisjóðs af kjarnfóðurtollum námu 42,0 mkr. Framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur, þ.m.t. framlag ríkisins vegna loðdýraræktar, námu 255,0 mkr. Á árinu 2002 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 17,6 mkr. samanborið við 15,7 mkr. árið 2001. Sjóðurinn er gerður upp með 19,2 mkr. halla.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2002 námu 204,8 mkr.; þar af 124,5 mkr. sem innstæður í lánastofnunum en 28,0 mkr. í útlánunum að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 16,1 mkr. í árslok 2002.

Um fjárhag Framleiðnisjóðsins er að öðru leyti vísað til ársreikninga sem fylgja þessari skýrslu. Framsetningu þeirra hefur nú verið breytt frá fyrri árum. Meginbreytingin er sú að nú eru svonefnd kostnaðarverðsreikningsskil lögð til grundvallar ársuppgjöri sjóðsins. Orðalagið er að vísu ekki mjög lýsandi sé horft til starfsemi Framleiðnisjóðs sem er fyrst og fremst styrkveitingar. En í hinum breyttu háttum felst það að nú er ársreikningurinn gerður upp á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns áður. Öll gefin fyrirheit eru færð til gjalda og skuldfærð á viðskiptareikning styrkþega. Helsti sýnilegi munurinn er sá að óhafin framlög, sem áður voru birt sem skuldbindingar utan efnahags í ársreikningi, eru nú skuldfærð í efnahagsreikningi. Af því leiðir að ekki er lengur nauðsynlegt að vega skuldbindingar utan efnahags á móti eigin fé til mats á raunverulegri eiginfjárstöðu sjóðsins. Reikningsskilin verða greinarbetri og stöðugri um afkomu og fjárhagsstöðu sjóðsins hverju sinni auk þess að vera í samræmi við það sem áskilið er hjá hinu opinbera.

6. Umsóknir og erindi 2002

Á árinu 2002 bárust Framleiðnisjóði alls 239 erindi. Af þeim voru 58 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum, 181 töldust til almennra umsókna um nýbreytni á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning. Hér er um fleiri umsóknir að ræða en árið áður. Fjárhæðir styrkumsókna fara hækkandi.

Á árinu 2002 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 175 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, nokkru fleiri en árið á undan (167). Af þeim voru 46 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 129 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var 15 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 37 erindum hafnað en 10 erindi fólu

ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Nokkur erindi úr báðum flokkum biðu afgreiðslu við árslok.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður veitti stuðning á árinu 2002. Fylgt er efnisatriðaröð starfsstefnu sjóðsins, sjá 4. lið hér að framan. Skrár um einstaka styrki og lán, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til rekstrarreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Eins og undanfarin ár ráðstafaði stjórn Framleiðnisjóðs fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir nánari skiptingu á milli þeirra. Sem fyrr skyldu samtök búgreinanna gera tillögur um ráðstöfun fjárins og/eða gefa umsagnir um umsóknir í þetta fé. Á árinu 2002 voru 44 millj. kr. lagðar til þessara verkefna: 24 millj. voru teknar af tekjum sjóðsins af fódurtollum en 20 millj. kr. af almennu fé hans. Tvennt réði skiptingu fjárins á milli búgreina: hlutur þeirra í verðmæti búvöruframleiðslunnar annars vegar og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu gjalda af innfluttu kjarnfóðri hins vegar. Frumkvæði búgreina að nýtingu þessa fjár var mismunandi. Í nautgripa-, sauðfjár-, ali- og svínarækt hefur þetta fjármagn til dæmis nýttst í árangursríkum ræktunarverkefnum. Brýn rannsóknaverkefni búgreinanna hafa líka verið studd með þessu þróunarfé.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður einnig styrkt í töluverðum mæli. Virðist spurn eftir fjárstuðningi til þeirra hafa farið vaxandi síðustu árin. Stærstu verkefnin í þessum flokki á árinu 2002 voru vegna gæðamála ferðabúskapar, fódurræktarrannsókna Rala og samstarfsverkefnisins Nytjaland/Jarðabók Íslands. Einnig verkefni Orfs-Líftækni ehf á Keldnaholti um vinnslu lyfjapróteina úr íslensku byggi sem veitt var lán til kaupa á mikilvægu tæki til þróunarstarfsins. Undir þessum lið má nefna samstarf við Nýsköpunarsjóð námsmanna sem hafið var árið 2001. Spurn eftir fé samkvæmt samningi þessum reyndist undralítill á árinu 2002.

Samfjármögnun rannsókna með Tæknisjóði. Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Tæknisjóðs Rannsóknaráðs Íslands um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Til samstarfsins samþykkti Framleiðnisjóður samtals 17,1 mkr. á árinu 2002, mót 16,4 mkr. frá Tæknisjóði. Verkefnin voru alls tólf. Skrá um verkefnin er í 5. töflu. Landbúnaðartengdum umsóknum til Tæknisjóðs virðist hafa fækkað. Er það áhyggjuefni því með samstarfi sjóðanna tveggja hefur landbúnaðurinn aðgang að verðmætu rannsóknafé.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Stuðningur Framleiðnisjóðs miðaðist við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 1750 þús. kr. á býli. Viðbótarframlög voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 63,0 mkr. sem er svipað og var á árinu 2001. Raunar er um enn fleiri verkefni á vegum bænda að ræða, eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem t.d. fela ekki í sér hefðbundna fjárfestingu en ýta engu að síður undir mikilvæga nýsköpun. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á bújörðum, skiptast eftir kjördæmum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2002

Kjördæmi	Ferða- búskapur	Búfj. og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Ýmis- legt	Alls
Vesturland	3	-	-	2	1	6
Vestfirðir	1	-	-	-	-	1
Norðurland v.	3	1	1	-	1	6
Norðurland ey.	4	1	-	1	-	6
Austurland	3	1	-	-	-	4
Suðurland	11	5	2	2	2	22
Reykjanes	1	-	-	-	-	1
SAMTALS	26	8	3	5	4	46



Ferðapjónustubýlið að Kirkjubóli við Steingrímsfjörð.

(Ljósm.: JGG)

Ferðabúskapur er sú grein sem mest fór fyrir í umsóknum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Meira en helmingur samþykktra verkefna í þessum flokki taldist til ferðapjónustu í sveitum. Áformin í þessari grein voru afar fjölbreytt; allt frá hefðbundinni gisti- og veitingaaðstöðu til afþreyingar af ýmsum toga.

Loðdýrarækt. Á árinu 2002 tók Framleiðnisjóður sem fyrr þátt í aðgerðum til eflingar loðdýrarækt. Framlög voru veitt úr sjóðnum til stuðnings við ráðgjöf og fôðureftirlit í greininni sem talið er hafa skilað henni vel áfram. Ríkissjóður lagði fram 29,8 mkr. til greiðslu jöfnunarstyrks á loðdýrafóður. Skrifstofa Framleiðnisjóðs annaðist sem fyrr greiðslurnar fyrir hönd ríkissjóðs að beiðni landbúnaðarráðuneytisins.

Smáverkefnasjóður er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands, Framleiðnisjóðs og landbúnaðarráðuneytisins. Verkefnið heitir samstarfsnefnd um atvinnumál í dreifbýli. Nefndina skipa Jóhanna Pálmadóttir á Akri, sem er formaður, Jón G. Guðbjörnsson á Lindarhvoli og Jónas Helgason í Æðey. Framleiðnisjóður hefur um árabíl lagt verkefninu til starfsfé; 4,5 mkr. á árinu 2002. Á því ári bárust Smáverkefnasjóði 20 umsóknir. Af þeim voru 18 afgreiddar með fyrirheiti um styrk, samtals að upphæð 3,652 mkr.; einni umsókn var hafnað. Styrkfyrirheitið skiptust þannig eftir landshlutum - tölur í svigum eru fjöldi samþykktra umsókna Smáverkefnasjóðs á öllum starfstíma hans (1991-2002):

2. tafla. Skipting samþykktra framlaga úr Smáverkefnasjóði árið 2002

Kjördæmi	2002	(alls)
Vesturland	3	(65)
Vestfirðir	2	(45)
Norðurland v.	1	(42)
Norðurland ey.	5	(92)
Austurland	2	(59)
Suðurland	3	(111)
Reykjanes m. Rvík	2	(21)
SAMTALS	18	(435)

Árni Snæbjörnsson ráðunautur BÍ sinnti hlutverki atvinnumálafulltrúa í hlutastarfi. Lagði Framleiðnisjóður fram 1,2 mkr. til að greiða vinnu hans að verkefninu.

Starfshópur Framleiðnisjóðs, landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands (BÍ) endurskoðaði samstarfsverkefnið á árinu. Lagði hann til að verkefnið héldi áfram árin 2003 og 2004 með aukinni áherslu á hvatningar- og ráðgjafarstarf BÍ um umfangsminni nýsköpunarverkefni í dreifbýli, og með framlögum til þeirra úr Framleiðnisjóði sem næmu samtals 5 mkr. hvort árið. Þörf fyrir framhald verkefnisins verið síðan endurmetin.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður landbúnaðarins studdi sem fyrr endurmenntun bænda og starfsmanna landbúnaðarstofnana með ferðastyrkjum til þátttakenda og greiðslu nokkurs hluta kostnaðar við hin ýmsu námskeið, m.a. á grundvelli samnings sjóðsins um þetta efni sem gerður var vorið 2000 við búnaðarskólana og Bændasamtök Íslands fyrir árin 2000-2002. Nam samþykktur stuðningur samtals 16,3 mkr. Framleiðnisjóður veitti 1166 þátttakendum á 134 námskeiðum stuðning á árinu 2002. Á vegum Hólaskóla voru haldin 14 námskeið með styrkhæfum þátttakendum, 14 á Garðyrkjuskólanum á Reykjum en 99 á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Önnur námskeið voru 7. Þessi upptalning tekur einvörðungu til þeirra námskeiða sem falla undir fyrrgreindan samning FL, BÍ og skólanna. Veittur var styrkur til endurmenntunarviku héraðsráðunauta í Danmörku þar sem áhersla var lögð á nautgriparækt- og rekstrarráðgjöf. Þá samþykkti Framleiðnisjóður stuðning við uppbyggingu námskeiða og námsefnisgerð sem nam 6,0 mkr.

Á árinu 2002 voru samþykktir námsstyrkir til tveggja nemenda í MS-námi í búvísindum við erlenda háskóla og tveir styrkir til námsferða erlendis. Þá voru veittir alls níu styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur).

d) Markaðsöflun

Á árinu 2002 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð nær 22 mkr. Spurn eftir fé í þessu skyni er mikil og ekki unnt að mæta nema hluta hennar. Sjóðurinn hefur hins vegar lagt áherslu á hlutfjármögnun með öðrum, svo sem Bændasamtökunum, verkefninu Áform og kynningaraðilum íslenska hestsins. Undir þennan lið fellur einnig þátttaka Framleiðnisjóðs í verkefninu Handverk og hönnun, en stjórnarfulltrúi sjóðsins þar hefur verið Þórhalla Snæþórsdóttir. Verkefnið lýtur ábyrgð forsætisráðuneytisins.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Á árinu 2002 lagði Framleiðnisjóður fé til annars atvinnureksturs á landsbyggðinni en getið er í b-lið, alls um 37 mkr. Meginhluti upphæðarinnar var vegna slátrunar og kjötvinnslu, m.a. til þróunar kjötvinnslulínu Norðlenska ehf á Húsavík. Miklar hræringar hafa orðið á þessu sviði sem kunnugt er. Stefna stjórnar Framleiðnisjóðs í þeim efnum er sem fyrr að hvetja með gerðum sínum til skipulags og hagræðingar í greininni, bændum öllum og neytendum til hagsbóta. Veittur var styrkur vegna umbóta hjá Kjötmjöli ehf í Hraungerðishreppi, fôðureldhúss á Austurlandi og vegna hlutafjár Hótel Laugarhóls ehf í Bjarnarfirði.

f) Garðávaxtasjóður

Hlutverk Garðávaxtasjóðs, sem er í vörslu Framleiðnisjóðs, er að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2002 voru 48,7 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam

2,15 mkr. til tveggja verkefna. Annað þeirra, verkefni á vegum RALA og Útsæðisnefndar sem lýtur að viðhaldi heilbrigðra kartöflustofna og hefur verið stutt af Garðávaxtasjóði undanfarin ár, var að þessu sinni stutt af þróunarfé garðyrkjunnar innan Framleiðnisjóðs. Markmiðið með þessari ákvörðun var að styrkja fjárhag Garðávaxtasjóðs. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari ársskýrslu.

8. Ábyrgð, samræmi og samráð

Framleiðnisjóður gegnir ábyrgðarmiklu hlutverki innan landbúnaðarins. Miklu varðar að fjármunir hans nýtist vel. Þótt takmarkað ráð hafi gefist til þess að kanna árangur þeirra verka, sem sjóðurinn hefur komið að, er ljóst að um hann munar. Hávaðalítið halda bændur jafnt og þétt áfram að leita nýrra leiða til tekjuöflunar. Sé til dæmis litið yfir gögnin að baki samþykktum 46 umsóknum Framleiðnisjóðs til nýsköpunar á lögbýlum árið 2002 sést að áætluð stofnfjárfesting í þeim nam samtals 420 mkr., þar af var eigin fjármögnun umsækjenda 119 mkr. Framlög Framleiðnisjóðs námu um 63 mkr. og áætluð atvinnusköpun var 48 ársverk. Lifni þau öll munar um þau í sveitum landsins.

Lögun landbúnaðar að breyttum tímum er mikilvægt verkefni þessa áratugs. Hlutverk Framleiðnisjóðs er að taka þátt í aðlöguninni með þeim fjármunum sem honum eru fengnir til ráðstöfunar ár hvert. Síðustu misserin hafa komið til aðrir fjármunir, tengdir einstökum búgreinum sem ætlaðir eru til stuðnings afmörkuðum og umsömdum umbóta- og hagræðingarverkefnum þeirra. Þarna eiga t.d. í hlut garðyrkja, nautgriparækt, hrossarækt, svo og sauðfjárrækt. Mikilvægt er að samráð sé haft og samræmis gætt við ráðstöfun þessa umbótafjár svo vel nýtist. Framleiðnisjóður er að sínu leyti reiðubúinn til þátttöku í slíku samráði, enda beinlínis gert ráð fyrir að skrifstofa sjóðsins annist umsjá hluta þessa fjár á grundvelli sérstakra samninga.

Nauðsynlegt er einnig að ganga í takt við aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins sem vinna að sambærilegum verkefnum og Framleiðnisjóður sinnir. Á árinu 2002 var hafinn undirbúningur að nánari samvinnu í þessum efnum, m.a. við Lánasjóð landbúnaðarins, Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Orkusjóð. Ekki er vafi á að enn meiri samvinna þessara aðila getur komið landbúnaðinum vel og létt honum það burðarhlutverk sem hann hefur haft í mörgum byggðum landsins.

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2002. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:			
Félag eggjaframleiðenda	A1	Þróunarverkefni í eggjaframleiðslu	4.000.000
Félag gulrófnabænda	A1	Gulrófnafræ, verkefnið Íslensk gulrófa	280.000
Framleiðnisjóður / Garðávaxtasjóður	A1	Heilbrigði kartöfluútsæði/framlag til Garðávaxtasjóðs	2.000.000
Hólaskóli	A1	Áhrif spatts á endingu hrossa	400.000
Bændasamtök Íslands	A1	Efling kynbótasýninga á hrossum, búnaðarkaup	1.200.000
Félag kjúklingabænda	A1	Dýralæknir alifuglasjúkdóma	1.000.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A1	Upphitun hreiðurkassa hjá minkahvolpum	750.000
Samband Ísl. loðdýraræktenda	A1	Sóttkví fyrir loðdýr	400.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A1	Undirbún. norræns þróunarseturs í nautgripærækt	520.000
Bændasamtök Íslands	A1	Erfðabreytileiki í endingu ísl. mjólkurkúa	650.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Einföld leið til að auka meyrni nautakjöts	750.000
Bændasamtök Íslands	A1	Framlag til kúasæðinga	3.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Kynning niðurstaðna verkefnis um meyrnun kjöts	50.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A1	Fósturlát hjá íslenskum kúm	500.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Þurrkverkað kindakjöt	1.000.000
Landssamtök sauðfjárbænda	A1	Afkvæmarannsóknir sauðfjár	2.400.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Nýting á hliðarafurðum sláturfjár	750.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A1	Arfgerðargreining með tilliti til riðunæmis	1.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A1	Hnísasyking og dauði ásetningslamba	1.000.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Dýralæknir svínasjúkdóma	1.000.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Kynbótastefna í svínarækt	4.900.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Gæðastjórnun í svínarækt	1.000.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Greiðsla af láni hjá F.L. v/innfl. erfðaefnis	1.000.000
			29.550.000
Ýmis þróunarverkefni:			
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Loðdýrafóðureftirlit	2.500.000
Landvernd	A2	Námsstefna, ferðapjónusta í jaðarbyggð	100.000
Ísplöntur	A2	Lífærn ræktun á heilsujurtum	400.000
Biskupstungahreppur	A2	Námstefna - áttagafræði í 1100 ár	100.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Sláturdýr, meðferð og gæðamælingar	1.100.000
Hólaskóli	A2	Ferðapjónusta, gæðapróun og markaðssetning	5.200.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	A2	Námsstyrkir, nýsköpun	110.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Markaðsmál lífrænna sauðfjárafurða	140.000
Veiðimálastofnun	A2	Heimasíða - íslensk veiðivötn og ár	1.200.000
Veiðimálastofnun	A2	Áhrif jökulhlaupa á laxastofna Ölfusár-Hvítár	500.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Erlendir fyrirlesarar - Mælingar á áti búfjár	100.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Ræktunarkerfi við fjölbreyttar aðstæður	5.000.000
Yfirdýralæknisembættið	A2	Fóðureftirlit, Salmonella-smit	500.000
Bændasamtök Íslands	A2	Átak um hreint neysluvatn	300.000
Reynir Bergsveinsson	A2	Minkasiur	1.000.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Ídreifing búfjáraburðar	1.000.000
Rannsóknastofnun landb. BÍ ofl.	A2	Nytjaland/Jarðabók Íslands	5.000.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Skurður og verkun byggs	900.000
Landbúnaðarhásk., Rala ofl.	A2	Greinasafn íslensks landbúnaðar á Veraldarvefnum	800.000
Veiðifélag Borgarfjarðar	A2	Netalagnir í Hvítá, áhrif á stangaveiði	500.000
Ráðunautapjónusta Húnaþ. og Stranda	A2	Ómsjár vegna kynbótastarfs í sauðfjárrækt	1.000.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Mælitæki v/ hefyfnagreininga (NIRS)	3.000.000

Bændasamtök Íslands	A2 Launahluti v/ starfs atvinnufulltrúa	1.200.000
Bændasamtök Íslands	A2 Launahluti v/starfs landsráðunautar í loðdýrarækt	1.500.000
Hólaskóli	A2 Alþjóðleg ráðstefna um bleikjueldi	200.000
Landssamtök skógareigenda	A2 Úttekt á skógræktarskilyrðum á Íslandi	2.000.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2 Umsetning og losun C&N úr plöntuleifum í jarðvegi	1.900.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2 Tap næringarefna frá ræktarlandi	300.000
Veiðimálastofnun	A2 Kræklingarækt; þróun, ráðgjöf og námskeið	1.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2 Evrópuverkefni um eldisfisk	500.000
		39.050.000

Samfjármögnun með Tæknisjóði Rannís:

Rannsóknaráð Íslands	A3 Samstarfsverkefni, sjá 5. töflu	17.100.000
		17.100.000

Ýmis verkefni á vegum bænda:

Sögumiðlunin	B2 Byggðasögusýning í Dalbæ á Snæfjallaströnd	200.000
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	B2 Smáverkefnasjóður, verkefnafé	4.500.000
Gallerí Sól	B2 Handverksh. Gallerí Sól	700.000
Stjórnugrís hf.	B2 Smithreinsibúnaður	2.000.000
Samband Ísl. loðdýraræktenda	B2 Kaup SÍL á Gránúmum ehf.	600.000
Björgvin Sveinsson o.fl.	B2 Minkaskinnaskrapari ásamt tilheyrandi búnaði	1.500.000
Félag áhugam. um Sauðfjársetur	B2 Sauðfjársetur á Ströndum	1.250.000
Ferðamálafélag V-Húnavatnssýslu	B2 Útivistarkort fyrir Húnaþing vestra	350.000
Heiði rekstrarfélag ehf.	B2 Steinefnavinnsla, hellugerð	1.750.000
		12.850.000

Endurmenntun og námskeið:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins	C Bændanámskeið	14.800.000
Samtök selabænda	C Verkun selskinna - kennslumyndband	300.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	C Uppbygging námskeiða v/landnýtingaráætlana	1.000.000
Margrét Björk Björnsdóttir	C Námsrannsókn, samþætting ferðaþj. & landbún.	300.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	C Menntasmiðja í Dalabyggð	1.100.000
Magnús Sigurðsson	C Starfsmenntunarstyrkur v/fjarnáms	150.000
Helgi Sigurgeirsson	C Starfsmenntunarstyrkur v/fjarnáms	150.000
Ásdís Sigurjónsdóttir	C Starfsmenntunarstyrkur	100.000
Eline Manon Schrijver	C Starfsmenntunarstyrkur	250.000
Margrét Friðjónsdóttir	C Starfsmenntunarstyrkur v/fjarnáms	150.000
Guðný H. Björnsdóttir	C Starfsmenntunarstyrkur	100.000
Kristján Óttar Eymundsson	C Styrkur til framhaldsnáms	350.000
Unnsteinn Snorri Snorrason	C Styrkur til framhaldsnáms	350.000
Björn Garðarsson	C Heimsókn landbúnaðarháskóla á Englandi	50.000
Yfirdýralæknisembættið	C Námskeið í smitsjúkdómum í dýrum	100.000
Bændasamtök Íslands	C Kennsluefni í bókhaldi, bústjórn/-rekstri	700.000
Guðmundur Jón Skúlason	C Námsstyrkur, kúasæðingar	100.000
Laufey Valsteinsdóttir	C Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Helga A. Erlingsdóttir	C Starfsmenntunarstyrkur	100.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	C Tamning fjárhunda, framhaldsnámskeið	462.000
Barnaverndarstofa	C Vistforeldrar, Foster Pride menntunaráætlun	2.500.000
Landbúnaðarhásk. ofl.	C Bætt þjónusta, betri bú, endurmenntun ráðunauta	1.500.000
		24.762.000

Markaðsmál:

Bændasamtök Íslands	D Iceland Naturally 2001. Kynningarátak í BNA	950.000
Iðnaðarráðuneytið	D Islandica, hesta- og hestavörusýning	1.000.000
Kjötframleiðendur ehf.	D Hrossakjöt, þróun á úrvinnslu til útflutnings	2.000.000
ÁFORM átakaverkefni	D Verkefnið Sælkeraveisla á Íslandi	1.000.000
GL Útgáfan ehf.	D Skjóni fer á fjall, kvikmynd um ísl. hestinn	2.000.000

Mjólkursamlag Ísfirðinga	D Markaðssetning á Primus / mat á útflutningi	3.000.000
TGIHF/co. Guðrīður Gunnarsdóttir	D Íslenski hesturinn, markaðsáttak í N-Ameríku	750.000
Bændasamtök Íslands	D Matur 2002 - hreinn íslenskur landbúnaður	300.000
Manneldisráð Íslands	D Könnun á neyslu grænmetis og ávaxta	200.000
Eiðfaxi Net ehf.	D Íslenski hesturinn á Veraldarvefnum	1.500.000
Bændasamtök Íslands	D Þátttaka í Iceland Naturally 2002	1.000.000
Handverk og hönnun	D Starfsfé verkefnisins 2002	3.250.000
ÁFORM áttaksverkefni	D Kynning á ísl. landbúnaðarafurðum í BNA	2.500.000
Bændasamtök Íslands	D Fræðslu- og kynn.st. meðal barna og unglinga	2.500.000
		21.950.000

Fyrirtæki í dreifbýli:

Búnaðarsamband Austurlands	E Dýraspítali Austurlands	2.000.000
Bjarkalundur ehf.	E Þjónustubygging og tjaldsvæði	1.750.000
Systrakaffi ehf.	E Kaffihús á Kirkjubæjarklaustri	1.750.000
Kjötmjöl ehf.	E Umbætur á framleiðslu afurða	7.000.000
Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps	E Kaup á hlut í Hótel Laugarhóli ehf.	4.000.000
Fóðurstöð Austurlands ehf.	E Bygging loðdýrafóðureldhúss	4.000.000
Byggðasafnið í Skógum	E Samgöngusafn Íslands	2.000.000
Norðlenska ehf.	E Þróun kjötvinnslulínu	6.000.000
Hagfélagið hf.	E Grettistak ses.	1.500.000
Búnaðarfélag Landmannahrepps	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Búnaðarfélag Fljótshlíðarhrepps	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Búnaðarfélag V- Landeyjahrepps	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Búnaðarfélag A-Landeyja	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Búnaðarfélag Rangárvallahrepps	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Búnaðarfélag Hvolhrepps	E Kaup á hlut í Sláturhúsinu Hellu hf	1.000.000
Sverrir Björnsson ofl.	E Endurbygging Riis-húss á Borðeyri	800.000
		36.800.000

Framlög, ráðstöfun alls kr. 182.062.000

Garðávaxtasjóður:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A1 Heilbrigði kartöfluútsæðis	2.000.000
